



Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 14. júní 2005 kl. 17:30 í félagsheimilinu.

Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Erindi:** Skipulags- og byggingarfulltrúi Blönduóssbæjar óskar eftir staðfestingu skipulags- og byggingarnefndar á deiliskipulagi fyrir svæðið sunnan Norðurlandsvegur og vestur Svínvetningabrautar. Uppdráttur gerður af STOD ehf., Verkfræðistofu í forföllum byggingarfulltrúa og Árna Ragnarssyni arkitekt, Sauðárkróki. Uppdráttur dags. 4. maí 2005.

Afgreiðsla: Deiliskipulag kynnt og erindi samþykkt.

2. **Erindi:** Skipulags- og byggingarfulltrúi Blönduóssbæjar óskar eftir staðfestingu skipulags- og byggingarnefndar á breytingum á aðalskipulagi. Um er að ræða breytingu á svæði við Blöndubýggð 9. Uppdráttur gerður af STOD ehf., Verkfræðistofu og Árna Ragnarssyni, arkitekt, Sauðárkróki. Uppdráttur dagsettur 3. júní, 2005.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir ofangreinda breytingu á landnotkun.

3. **Erindi:** Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir staðfestingu skipulags- og byggingarnefndar fyrir á deiliskipulagi fyrir Blöndubýggð 9. Uppdráttur gerður af STOD ehf., Verkfræðistofu og Árna Ragnarssyni, arkitekt, Sauðárkróki. Uppdráttur dagsettur 3. júní, 2005.

Afgreiðsla: Farið var í gegnum greinargerð með deiliskipulaginu, leigu- og byggingaskilmála. Erindi samþykkt.

4. **Erindi:** Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir staðfestingu skipulags- og byggingarnefndar fyrir á lóðamörkum fyrir Smárabraut 2 og 4, samkvæmt meðfylgjandi mæliblöðum, dags. 24. maí, 2005.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

5. **Erindi:** Jónas Skaftason sækir um byggingaleyfi fyrir þremur smáhýsum að Blöndubýggð 9, f.h. Æki ehf., kt. 580900-2160.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt með tilvísun til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar á dagskrárliðum 2 og 3.



6. **Erindi:** Rannveig Lena Gísladóttir og Árni B. Einarsson, Hlíðarbraut 6, Blönduósi, sækja um leyfi til að setja sólpall og heitan pott við hús sitt samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

7. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Jón Sigurðsson
Andrés Leifsson
Eyjólfur Þórarinsson
Gauti Jónsson*

Anna Margrét Jónsdóttir